

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um Alþjóðahafsbotnsstofnunina
og námuvinnslu á hafsbotni.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hver er ástæða þess að fulltrúar Íslands hafa ekki sótt fundi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar, líkt og fram kemur í svari ráðherra við fyrirspurn á 153. löggjafarþingi (1151. mál, þskj. 2169)? Kemur til álita að endurskoða þá afstöðu og taka þátt í starfi stofnunarinnar?
- Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda til hugmynda um tímabundna stöðvun eða varanlegt bann við námuvinnslu á hafsbotni til að vernda vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni djúpsjár?

Skriflegt svar óskast.